

# „Þar sem hjartað slær er hamingjan nær“; dagskrá á umdæmisþingi

Eftir **Markús Örn Antonsson** - 28. október 2021



Í ráðstefnusalnum á Hallormsstað voru veggspjöld frá ýmsum rótarýklúbbum, þar sem þeir kynntu starfsemi sína og helstu þjónustuverkefni.

Í lok umdæmisþings á Hallormsstað 9. október sl. var dagskrá um félags-,menningar og lýðheilsumál, þar sem sérfræðingar á Austurlandi voru frummælendur. Yfirskriftin var: „Þar sem hjartað slær er hamingjan nær“.



Fundarstjórar voru Eydís Ásbjörnsdóttir, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, og Jón Karl Ólafsson, aðstoðarumdæmisstjóri Rótarý.



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, ávarpaði þingið en síðan voru fluttir fyrirlestrar og kynningar um tiltekin umæðuefni...



**Vísar rannsóknir** – Kristján Ketill Stefánsson, framkvæmdastjóri Vísra rannsókna sem sérhæfa sig í menntarannsóknum og framkvæmd á vinnustaðagreiningum.



**Austurlandslíkanið** – Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri Múlaþings.



**Tónlistarfélag Austurlands og geðheilbrigði** – Bjarni Þór Haraldsson, verkefnastjóri við uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi.



**Seyðisfjörður, áhrif náttúruhamfara** – Aðalheiður Borgþórsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra Múlapings á Seyðisfirði og atvinnu- og menningarstjóri Múlapings.



**Fögur framtíð í Fljótsdal** – Arna Björg Bjarnadóttir, fyrsti formaður verkefnastjórnar Fagrar framtíðar í Fljótsdal, frumkvöðull og einn stofnandi Óbyggðasetursins.



**Mannauðsteymi og heilbrigðisþjónusta Alcoa Fjarðaáls** – Hilmar Sigurbjörnsson  
og....



..... Hólmgrímur Bragason, sérfræðingur í mannauðsteymi Alcoa Fjarðaáls.



**Lýðheilsa og breyttar áherslur í heilbrigðisgeiranum** – Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga við Heilbrigðisstofnun Austurlands.



Í lok dagskrárinnar bauð Bjarni Kr. Grímsson, verðandi umdæmisstjóri 2021-2022, til næsta umdæmisþings, sem hann mun undirbúa ásamt félögum sínum í Rótarýklúbbum Reykjavík-Grafarvogur og haldið verður 7.- 8. október 2022.



Umdæmisþinginu lauk með hátíðarkvöldverði og dagskrá. Veislustjóri var Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings.

**Markús Örn Antonsson**